

✉ Re: Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu

Búið til	12.3.2021 10:26:56
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	12.3.2021 10:26:55
Tilheyrir	📁 202101-0070 - Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu

Efni

Re: Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu

Upplýsingar

Sent	12.3.2021 10:26:55	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	nordurthing@nordurthing.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202101-0070 (LA, KHS)

Vísað er til bréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurbings, dags. 26. janúar 2021, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands gefst kostur á að koma með athugasemdir við kynningu á tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri, Öxarfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda deiliskipulagstillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Á uppdrætti fyrir deiliskipulagstillögu eru sýnd skipulagsmörk/lóðarmörk og mörk byggingareits fyrir fiskeldi í Núpsmýri. Lóðarmörkin eru teiknuð vel innan 50 metra jaðarsvæðis við Núpsvatn, en eins og fram kemur í tillögu um deiliskipulag, er ekki leyfilegt að reisa mannvirki innan þessara 50 metra samkvæmt 5.3.2.14. gr. í Skipulagsreglugerð nr.90/2013. Náttúrufræðistofnun vil benda á að Núpsvatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd sbr. a-lið þar sem stendur: „*a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur*“

Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins tillögum á B-hluta náttúruinjasrá 2018. Þar voru meðal annars tillögur um verndarsvæði við Öxarfjörð vegna mikils og fjölbreytts fuglalífs og eru þær núna til skoðunar hjá Umhverfisstofnun. Þrátt fyrir að þessar tillögur um

verndarsvæði nái ekki yfir Núpsvatn og Núpsmýri þá gætu framkvæmdir á svæðinu haft áhrif á fuglalíf. Við Öxarfjörð ná skúmur, lómur og flórgoði alþjóðlegum viðmiðum á varptíma og þar að auki er stærsta svartbaksvarp á Norðurlandi við Austursand, en svartbakur er forgangstegund (sjá <https://www.ni.is/greinar/na-oxarfjordur> (<https://www.ni.is/greinar/na-oxarfjordur>)). Núpsvatn og Núpsmýrar ættu með réttu að tilheyra þessu mikilvæga fuglasvæði og verður það leiðrétt við næstu endurskoðun. Á vatninu og í votlendi í grennd sjást iðulega stórir hópar anda, m.a. hafa sést þar yfir 1200 rauðhöfðaendur og 400 grafendur en sú síðarnefnda er sjaldgæfur varpfugl og hefur þar væntanlega verið drjúgur hluti stofnsins á ferðinni, sjá <https://ebird.org/hotspot/L2159448?yr=all&m=&rank=hc> (<https://ebird.org/hotspot/L2159448?yr=all&m=&rank=hc>). Það er því rík ástæða að hlífa þessu svæði fyrir framkvæmdum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda kynningu á deiliskipulagstillögu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir" <sigurdis@nordurthing.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu
Date: 26.1.2021 13:35:01

Góðan dag

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 19. janúar s.l. að kynna tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri skv. ávkæðum skipulagslaga nr. 123/2010. Sendi ég hér deiliskipulagstillöguna til skoðunar.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík og/eða í tölvupósti á nordurthing@nordurthing.is (<mailto:nordurthing@nordurthing.is>) fyrir 12. mars 2021.

Fylgiskjöl:

1. *Tillaga að deiliskipulagi fyrir lðnaðarsvæði 13 í Norðurþingi. Greinargerð og umhverfisskýrsla. Dags. 22. desember 2020.*
2. *Deiliskipulag- tillaga, fiskeldi á Núpsmýri í Öxarfirði, uppdráttur. Dags. 22. desember 2020.*
3. *Afrit auglýsingar um almenna kynningu deiliskipulagstillögu.*

Kveðja

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100

Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer (<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>)

Viðhengi

image003.png (11 KB)